

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og taka breytingum í samræmi við hana.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orku-
lögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð
Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. janúar 1997, og
birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá
sama efnis nr. 107, 15. febrúar 1995 ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. janúar 1997.

F. h. r.

Sveinn Þorgrímsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna og skipasölu, nr. 519 24. nóvember 1987.

1. gr.

Á eftir 14. gr. komi ný grein, 15. gr., sem orðist svo:

Prófnefnd skal standa fyrir prófum fyrir þá, sem fengið hafa leyfi eða heimild til að
starfa við fasteigna- eða skipasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu,
og óska löggildingar dómsmálaráðuneytisins skv. 1. gr. laga nr. 34 5. maí 1986, til að annast
kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra.

Skal prófnefnd meta þá menntun sem liggur að baki hinu erlenda leyfi og á grundvelli
þess ákveða hvernig próf viðkomandi skuli þreyta.

2. gr.

15. gr. verði 16. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 2. gr. laga um fasteigna- og
skipasölu, nr. 34 5. maí 1986, sbr. l. nr. 10 26. febrúar 1987 og l. nr. 133 31. desember 1993,
öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Sigrún Jóhannesdóttir.